

bar skipstjóra því ekki kaup lengur en til þess tíma. Síðari liður kröfu stefnanda, um 3 % af andvirði ísfisksafla skipsins til 8. dez. 1927, hefir því ekki við rök að styðjast og á stefndur einnig að vera sýkn af þessum kröfulið.

Eftir þessum úrslitum þykir stefnandi eiga að greiða stefndum eftir kröfu hans málskostnað með 400 krónum.

---

Miðvikudaginn 12. febr. 1930.

Nr. 118/1929.

**Réttvísín og valdstjórnin**

(Guðm. Ólafsson)

gegn

**Ólafi S. H. Jóhannssyni** (L. Jóhannesson).

Hegningarl., áfengis- og bifreiðarl.brot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. apríl 1929: Ákærður, Ólafur S. H. Jóhannsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 1 mánuð. Ennfremur skal ákærður sviptur ökuskirteini æfilangt.

Svo greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða lögreglu-réttardómi, er það sannað í máli þessu, að ákærði var undir áhrifum áfengis, er slysið varð, að horn bifreiðarinnar var í ólagi, svo að hljóðmerki varð eigi gefið með því, að ákærði notaði eigi nógu fljótt hemla bifreiðarinnar til þess að stöðva hana, og loks, að konan, sem varð undir bifreiðinni, og fylgdarkona hennar, voru á leið niður Vitastíginn, vinstra megin við miðju akbrautarinnar og beygðu réttilega til vinstri út af veginum, og að ákærði beygði einnig til vinstri handar í stað þess, að honum bar að vika til hægri, til þess að komast fram fyrir þær.

Um meiðsli konunnar hefir Matthías læknir Einarsson, er skoðaði konuna þegar eftir að slysið átti sér stað og stundaði hana á sjúkrahúsinu, vottað, að frá hvirfli niður á vinstra gagnauga hafi holdið flettzt alveg frá beini og mikið blætt úr, að öll vinstri hliðin hafi verið blóðhlaupin og tvö rif í vinstri síðu brákuð. Ennfremur segir svo í vottorði hans, að konan, er var 72 ára og hafði Emphysem og bronchitiskvilla, sem ellinni fylgja, hafi vegna sársauka í síðunni ekki þolað að hósta og að afleiðing af því hafi orðið sú, að bólga hafi hlaupið í lungun og orðið henni að bana á fimmta degi frá því að hún varð undir bifreiðinni.

Að vísu hefir læknisskoðun á líki konunnar (obduction) ekki farið fram, en það verður þó að líta svo á, að með framangreindu vottorði Matthíasar læknis Einarssonar sé fengin næg sönnun fyrir því, að bani konunnar hafi hlotizt af bifreiðarslysinu.

Það má því, með skírskotun að öðru leyti til lög-regluréttardómsins, fallast á það, að héraðsdómarinn hefir heimfært afbrot ákærða undir 200. gr. hinna almennu hegningarlaga og undir 3., 5., 6. og 7. gr. bifreiðarlaganna nr. 56, 15. júní 1926 og 20. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, svo og undir 48., 49. og 51. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 19. apríl 1919.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og skal hann einnig sviptur ökuleyfi æfilangt.

Svo greiði og ákærði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í héraði er það aðfinnsluvert, að læknisskoðun fór engin fram á líki konunnar, er bana beið af slysinu.

## Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ólafur S. H. Jóhannsson, sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ennfremur skal hann æfilangt sviftur leyfi til að aka bifreið.

Svo greiði og ákærði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinni og valdstjórninni gegn Ólafi S. Jóhannssyni, fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, laga nr. 56 frá 1926, og laga nr. 64 frá 1928, og lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og sannaðir með eigin játningu ákærða og framburði vitna.

Rétt fyrir klukkan 10 að kvöldi 8. október síðastl., kom maður nokkur heim til ákærðs, á vöruflutningabifreið sinni R.E. 36. Ákærður bað mann þennan að lána sér bifreið þessa til að aka á henni niður á Hverfisgötu, og gjörði hann það. Tók ákærði þá bifreiðina og ók henni inn Grettisgötu og beygði niður á Vitastiginn, en gaf ekkert hljóðmerki, enda var hornið á bifreiðinni ónýtt.

Ákærður kveðst hafa tekið rétta beygju fyrir hornið, ekið fremur hægt, og haldið sig vinstra megin á veginum. En rétt um leið og ákærður ók fyrir hornið, segist hann hafa séð tvo kvennmenn framundan sér á miðjum stignum. Kveðst ákærður þá hafa bremsað og beygt til vinstri handar þannig, að vinstra framhjólíð lenti út af vegkantinum.

Ákærður heldur því fram, að um leið og hann hafi beygt fyrir hornið, og konurnar orðið varar við ljósin af bifreiðinni, hafi þeim orðið hverft við, og hafi þær þá beygt til sömu

handar um leið og hann beygði til vinstri handar, en það hafi svo engum togum skift, að önnur konan hafi orðið fyrir hægra aurbretti bifreiðarinnar, og dottið um og orðið undir öðru framhjólínu.

Stúlkan, sem var með konunni, er féll niður á götuna, og meiddist og ekki var hægt að yfirheyra, heitir Magnea Oddfreðsdóttir, og hefir verið leidd sem vitni í þessu máli. Henni ber að því leyti ekki saman við ákærða, að hún kveður sig og konuna, sem varð fyrir slysinu, ekki hafa gengið á miðjum veginum, heldur vinstra megin á stignum. Hún kveður þær hafa beygt alveg út af veginum vinstra megin, þegar þær urðu varar við, að bifreið kom fyrir hornið, en bifreiðin hafi beygt á eftir þeim og ekið á þær eins og fyr segir.

Kemur þessi framburður hennar, sem hún hefir staðfest með eiði, heim við framburð þeirra manna, sem komu þarna rétt eftir að slysið vildi til, og sáu, að bæði framhjól bifreiðarinnar voru út af veginum vinstra megin.

Lögregluþjónar, sem komu þarna að, skýra svo frá, að þeim hafi virzt ákærður vera undir áhrifum áfengis. Ákærður var skoðaður af lækni um 3¼ tíma eftir að slysið vildi til, og fann hann vægari einkenni alkoholeitrunar á ákærðum, en ölvaðan kveður hann tæplega geta kallað ákærðan á þeirri stund, er hann var rannsakaður.

Eins og fyr er sagt, heldur ákærður því fram, að hann hafi ekið fremur hægt fyrir hornið á Grettisgötu og Vitastig, en hve mikill hraðinn hefir verið hefir ekki verið hægt að upplýsa.

Bifreiðin, sem ákærði ók, hefir verið skoðuð af skoðunarmanni bifreiða, Jóni Ólafssyni, og samkvæmt álitni hans hefir bifreiðin verið í mjög sæmilegu standi til aksturs, þegar slysið vildi til, að öðru leyti en því, að hljóðhornið var í ólagi eins og fyr segir.

Eftir því sem næst verður komizt eru um 8 metrar frá horninu og þangað, sem að bifreiðarstjórinn átti að geta séð stúlkurnar á Vitastignum, sjálfur heldur hann því fram, að þessi vegalengd hafi ekki verið meiri en 5 metrar. Með því að það er nú upplýst, að hemlar bifreiðarinnar voru í lagi, álitur skoðunarmaður bifreiða, Jón Ólafsson, að ákærður hefði getað stöðvað bifreiðina á 5 metra færi, ef hann hefði ekki ekið nema á 18 km. hraða niður á Vitastiginn. Ákærður hefir því eftir því, sem að telja verður sannað í málinu, annað-

hvort ekið með óleyfilega miklum hraða fyrir götuhornið, eða hann hefir ekki sett hemlana á bifreiðina svo fljótt sem vera bar.

Konan, sem varð undir bifreiðinni og áður er nefnd, hét Lúise Biering. Menn, sem komu þarna að, rétt er slysið vildi til, hjálpuðu ákærðum til þess að ná konunni undan bifreiðinni. Var hún þegar flutt á burt, náð í lækni, bundið um sár hennar og hún flutt á Landakotsspítala. Meiðslum hennar var þannig varið eftir því, sem Matthias Einarsson læknir skýrir frá í vottorði til dómars, að frá hvirfli niður á vinstra gagnauga flettist holdið alveg frá beini og blæddi mikið úr. Öll vinstri hliðin var blóðhlaupin og marin, og tvö rif á vinstri síðu brákuð.

Ákærður hefir áður sætt refsingu, sem nú skal tekið fram: 23. nóvember 1923 var hann dæmdur í aukarétti Reykjavíkur fyrir brot gegn 231. og 240 gr. almennra hegningarlaga í eins árs betrunarhúsvinnu, 15. júní 1926 undirgekkst hann hjá lög-reglustjóranum í Reykjavík 80 króna sekt, fyrir að aka bifreið ölvaður, 29. desember 1927 undirgekkst hann og 100 króna sekt, fyrir brot á lögreglusamþykktinni, og ennfremur var hann 14. marz fyrra ár dæmdur í hæstarétti fyrir að vera undir áhrifum áfengis við bifreiðaakstur í 80 króna sekt og sviftur ökuleyfi í 6 mánuði.

Ákærður hefir með framannefndu framferði sínu að áliti dómars sýnt svo mikla óvarkárni, að hann hefir með því brotið gegn 200. gr. hegningarlaganna, hann hefir ennfremur brotið gegn 3., 5., 6., og 7. gr. bifreiðarlaganna, með því að horn bifreiðarinnar var í ólagi, og hann ók bifreið undir áhrifum áfengis, og ók á óleyfilega miklum hraða fyrir götuhornið, og að hann ennfremur beygði til vinstri handar á veginum í stað þess að hann átti að beygja til hægri, þegar hann ætlaði að komast fram hjá vegfarendum. Ákærður hefir jafnframt brotið gegn þeim ákvæðum lögreglusamþykktarinnar, sem er að efni til samhljóða framannefndum ákvæðum bifreiðarlaganna og 20. gr. áfengislaganna.

Refsingin, sem ákærður hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 1 mánuð, og svifting ökuleyfis æfilangt.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, en að svo miklu

leyti, sem að hann hefir orðið hér við embættið, stafar hann af annriki dómarans.

---

Mánudaginn 24. febr. 1930.

Nr. 84/1929. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)

gegn

**Ingvari Ásgeirssyni, Snæbirni Thor-**  
**oddsen, f. h. sparisjóðs Rauðasands-**  
**hrepps og Bergi sýslumanni Jóns-**  
**syni** (Jón Ásbjörnsson).

Fógetaúrskurður.

Úrskurður fógetaréttar Barðastrandarsýslu 23. ágúst 1929: Hið umbeðna lögban á eigi að hafa framgang.

### **Dómur hæstaréttar.**

Með samningi, dags. 26. sept. 1927, gjörði áfrýjandi kaup við Niels nokkurn Björnsson um háflendu jarðarinnar Geitagils í Rauðasandshreppi ásamt býlinu Holti. Var kaupverðið ákveðið 1800 kr. og skyldi áfrýjandi taka að sér 1000 kr. veðskuld, sem hvíldi á háflendunni til sparisjóðs Rauðasandshrepps, en ávaxta afgang kaupverðsins með 6 % og gefa út skuldaviðurkenningu fyrir honum, er þó ekki skyldi þurfa að greiða fyrir árslok 1928. Kaupin skyldu teljast frá áramótum 1927/1928 og seljandi greiða kaupanda 54 kr.: eftirgjald frá þeim tíma til fardaga 1928, enda skyldi kaupsamningurinn gilda sem afsal, er kaupandi hefði greitt sparisjóðnum nefndar 1000 kr. Kaupsamningurinn var þinglesinn á manntalsþingi 1928.

Í fardögum 1928 tók áfrýjandi háflenduna til afnota og hafði nýttar af henni fram á næsta vor, en